



norden

Norræna ráðherranefndin

# Bjartari framtíð

13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi

*Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni*

*CITES-samningurinn*

*Ramsar-samningurinn*

*Bernarsamningurinn*

*Bonn-samningurinn*

*Hvalveiðisamningurinn*

*Helsingfors-samningurinn*

*OSPAR-samningurinn*

*Samningurinn um heimsminjar*

*Evrópski landslagssamningurinn*

*Granada-samningurinn*

*Möltusamningurinn*

*Árósasamningurinn*



# Bjartari framtíð

13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi

TemaNord 2006:563

## Bjartari framtíð

### 13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi

TemaNord 2006:563

© Nordisk Ministerråd, København 2006

ISBN 92-893-1376-5

Prentun: UniTryk

Umbrot og uppsetning: Naturplan ([www.naturplan.dk](http://www.naturplan.dk))

Kápu mynd: Mark Desholm/Naturplan, Inge-Marie Fruelund/Naturplan, Stig Bachmann Nielsen/Naturplan  
Bakgrunnsmyndir: Kurt Petersen/Scanpix s. 10; Claro Cortes IV/Scanpix s. 14; Johnny Madsen/Scanpix s. 16;  
Birthe Overgaard/Naturplan s. 18, 28; Klaus Mortensen/Naturplan s. 20; Jens Muff Hansen/Naturplan s. 24,  
32; Inge-Marie Fruelund/Naturplan s. 26; Sven Halling/Scanpix s. 30; Grethe Bachmann/Naturplan s. 34; Stig  
Bachmann Nielsen/Naturplan s. 36; Erik Smedegaard/Scanpix s. 38.

Upplag: 1500

Prentað á pappír sem uppfyllir strangar umhverfiskröfur og má merkja með svaninum, norræna umhverfismerkinu.



Ritið má panta á [www.norden.org/order](http://www.norden.org/order). Fleiri rit eru á [www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer)

Prentað í Danmörku

#### Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18  
DK-1255 Kaupmannahöfn K  
Sími (+45) 3396 0200  
Bréfasími (+45) 3396 0202

#### Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18  
DK-1255 Kaupmannahöfn K  
Sími (+45) 3396 0400  
Bréfasími (+45) 3311 1870

[www.norden.org](http://www.norden.org)

#### Norrænt samstarf

Norrænt samstarf er eitt elsta og umsvifamesta svæðisbundna samstarf í heiminum. Aðilar að samstarfinu eru Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur, Svíþjóð, Álandseyjar, Færeyjar og Grænland. Samstarfið eflir samkennd Norðurlandaþjóða og tekur bæði tillit til þess sem er líkt og ólíkt með þeim. Samstarfið styrkir hagsmuni Norðurlandanna á alþjóðavettvangi og eflir góð samskipti nágrannaþjóðanna.

Samstarfinu var formlega komið á með stofnun Norðurlandaráðs árið 1952 en það er vettvangur þingmanna og ríkisstjórna norrænu ríkjanna. Árið 1962 undirrituðu norrænu ríkin Helsingfors-sáttmálann og er hann enn sá grundvöllur sem norrænt samstarf byggir á. 1971 var Norrænu ráðherranefndinni komið á fót og er hún formlegur samstarfsvettvangur norrænu ríkisstjórnanna og leiðtoga sjálfstjórnarsvæðanna Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Formáli	6
Bjartari framtíð	8
Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	10
CITES-samningurinn	14
Ramsar-samningurinn	16
Bernarsamningurinn	18
Bonn-samningurinn	20
Hvalveiðisamningurinn	24
Helsingfors-samningurinn	26
OSPAR-samningurinn	28
Samningurinn um heimsminjar	30
Evrópski landslagssamningurinn	32
Granada-samningurinn	34
Möltusamningurinn	36
Árósasamningurinn	38
Alþjóðaskrifstofur	40

# Formáli

Norðurlöndin hafa tekið þátt í gerð fjölda alþjóðasamninga sem ætlað er að tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

Samningarnir stuðla að vernd náttúru sem er auðug að búsvæðum og tegundum lífvera. Náttúran á sér sinn rétt og hefur mikla þýðingu þar sem hún styrkir félagslega og efnahagslega þróun um allan heim. Auk þess er lítt snortin náttúra og ómengað umhverfi lykill að heilbrigði manna, velferð og lífsgæðum.

Aukin áhersla hefur verið lögð á mikilvægi þess að vernda menningararfleifð heimsins í alþjóðasamningum, m.a. byggingar, sem vitna um sérstæða byggingarlist, staði með ríkulegum fornleifum og fornminjar eða svæði þar sem enn finnst menningarumhverfi með vel varðveittum tengslum fortíðar og nútíðar. Menningararfleifðin miðlar okkur sögulegri vitund og er mikilvægur grunnur fyrir sjálfsmynd okkar – hvaðan sem við erum upprunnin í veröldinni.

Norðurlöndin leggja áherslu á vernd sameiginlegrar náttúru og menningararfleifðar. Alþjóðasamningarnir eru mikilvæg tæki í þessu starfi því að mestur árangur næst með sameiginlegu átaki þvert á landamæri.

Í þessum bæklingi er stutt kynning á 13 mikilvægustu alþjóðasamningunum á sviði náttúru og menningararfleifðar sem Norðurlöndin eiga aðild að og í mörgum tilvikum komu þau að gerð þessara samninga.

Þess er vænst að efni bæklingisins auki þekkingu manna á samningunum – þ. á m. hjá stjórnámálamönnum, stjórnendum, kennurum og öðrum sem hafa áhuga á náttúru okkar og menningararfleifð.

Sameiginleg útgáfa bæklingisins er lýsandi fyrir langa hefð norræns samstarfs um málefni sem hafa alþjóðlega þýðingu. Gott samstarf um samningana getur stuðlað að auknum áhrifum á heimsvísu – til ánægju bæði fyrir núlifandi kynslóðir og þær sem á eftir koma – jafnframt því sem við styrkjum samheldni Norðurlandþjóðanna.




Helen Bjørnøy

umhverfisráðherra

Noregs

fyrir hönd norrænu ráðherranefndarinnar,

ráðherrar sem bera ábyrgð á umhverfisvernd og varðveislu menningararfleifðar



*Gjende, í þjóðgarðinum í Jötunheimum, Noregi (ljósm.: Jens Muff Hansen/Naturplan)*

# Bjartari framtíð

Á Norðurlöndunum búa menn að langri hefð sem felst í að vernda náttúruna og menningarlegt umhverfi. Árum saman var vernd náttúru- og menningarminja málefni hvers ríkis um sig, en síðan hefur verndin fengið á sig æ alþjóðlegri blæ.

## Alþjóðasamtök

Elstu, alþjóðlegu verndarsamtök heims voru sett á laggirnar árið 1922. Þetta var Alþjóðafuglaverndarráðið, ICBP, sem var undanfari BirdLife International. Árið 1948 voru Alþjóðanáttúruverndarsamtökin, IUCN, stofnuð og alþjóðlegt samstarf um að stöðva hnattrænu umhverfiskreppuna hófst fyrir alvöru. Frá þessum tíma hafa mörg samtök, bæði stór og smá, verið sett á laggirnar og þau hafa öll

stuðlað að samkomulagi fjölda ríkja um að þau muni í sameiningu beita sér fyrir átaki í vernd náttúru- og menningarminja. Í mörgum tilvikum hefur þetta orðið til þess að alþjóðasamningar hafa verið gerðir.

## Eðli alþjóðasamninga

Alþjóðasamningar eru bindandi þjóðréttarsamningar milli ríkja eða alþjóðlegra stofnana. Margir samningar taka til alls heimsins, en aðrir eru takmarkaðri – ná til dæmis til Evrópu eða hluta Evrópu. Aðildarríkin halda reglulega fundi þar sem rætt er um þær skuldbindingar sem þau hafa tekið á sig með aðild að samningi. Þar eru jafnframt ræddar breytingar á því hvaða tegundir plantna eða dýra eða hvaða svæði tiltekinn samningur skuli taka til.

## 13 alþjóðasamningar – frá sjónarhóli Norðurlandanna

Öll Norðurlöndin hafa gerst aðilar að samningum á sviði náttúru- og menningarminja. Í þessum bæklingi eru 13 mikilvægustu samningarnir sem varða Norðurlöndin. Samningarnir eru sýndir í töflunni til hægri.

Í bæklingnum er gefið stutt yfirlit yfir samningana og vísað er til frekari heimilda um þá.

Hammershus, Danmörk (ljósm.: Jørgen Schytte/Scanpix).



	Borg þar sem samningurinn var samþykktur	Samþykktarár samningsins	Danmörk	Færeyjar	Grænland	Finnland	Álandseyjar	Ísland	Noregur	Svíþjóð
<b>Samningar um náttúruna</b>										
Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (The Convention on Biological Diversity)	Rio De Janeiro	1992	+	+	+	+		+	+	+
CITES-samningurinn (The Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora)	Washington	1973	+	-	+	+	+	+	+	+
Ramsar-samningurinn (Convention on Wetlands)	Ramsar	1971	+	+	+	+		+	+	+
Bernarsamningurinn (The Convention on the conservation of European Wildlife and Natural Habitats)	Bern	1979	+	-	-	+		+	+	+
Bonn-samningurinn (Convention on Migratory Species of Wild Animals)	Bonn	1979	+	+	+	+		-	+	+
Hvalveiðisamningurinn (International Convention for the Regulation of Whaling)	Washington	1946	+	+	+	+		+	+	+
<b>Svæðisbundnir samningar um hafsvæði</b>										
Helsingfors-samningurinn (Convention on the Protection of the Marine Environment of the Baltic Sea Area)	Helsinki	1992	+	+	+	+	+	-	-	+
OSPAR-samningurinn (Convention for the protection of the marine environment of the North-east Atlantic)	Paris	1992	+	+	+	+		+	+	+
<b>Samningar um menningu og landslag</b>										
Samningurinn um heimsminjar (Convention Concerning the Protection Of The Cultural and Natural Heritage)	Paris	1972	+	-	+	+		+	+	+
Evrópski landslagssamningurinn (The European Landscape Convention)	Firenze	2000	+	-	-	+	+	-	+	+
Granada-samningurinn (Convention for the Protection of Architectural Heritage in Europe)	Granada	1985	+	-	-	+		-	+	+
Möltusamningurinn (Convention on the Projection of Archaeological Heritage in Europe)	Valletta	1992	+	-	-	+		-	+	+
<b>Samningar almenns eðlis</b>										
Árósasamningurinn (The Convention on Access to Information, Public Participation in Decision Making and Access to Justice in Environmental Matters)	Árósar	1998	+	-	-	+	+	-	+	+

**Merkingar:**

- + Ríkið er bundið af samningnum
- Ríkið er óbundið af samningnum



# Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni



Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni (CBD) var samþykktur á leiðtogafundi í Ríó de Janeiro árið 1992. Á leiðtogafundi í Jóhannesarborg 10 árum síðar staðfestu leiðtogar yfir 150 ríkja að samningurinn væri mikilvægasta tækið sem þjóðir heims byggju yfir til þess að tryggja líffræðilega fjölbreytni.

Samningurinn kom til vegna áhyggna þjóða heims yfir því hve mikið glatast af líffræðilegri fjölbreytni. Hann undirstrikar nauðsyn þess að sporna gegn þessari skerðingu á líffræðilegri fjölbreytni með vernd og sjálfbærri þróun.

Nú hafa 188 lönd gerst aðilar að samningnum, m.a. öll Norðurlöndin.

## Hvað er átt við með líffræðilegri fjölbreytni?

Með líffræðilegri fjölbreytni er átt við tegundaauðgi plantna, dýra og örvera og fjölbreytileika þeirrar náttúru sem lífverurnar eru hluti af. Einnig telst erfðabreytileiki innan tegundanna hluti líffræðilegrar fjölbreytni, til dæmis sá erfðabreytileiki sem greina má hjá stofnum tiltekinna tegunda sem lifa á víðáttumiklu svæði. Þessi

líffræðilega fjölbreytni hefur orðið til við ármilljóna þróun.

## Markmiðið með samningnum

Markmiðið með samningnum um líffræðilega fjölbreytni er að vernda líffræðilega fjölbreytni, tryggja sjálfbæra nýtingu líffræðilegra auðlinda, svo og að tryggja að arðurinn af nýtingu erfðaauðlinda skiptist sanngjarnt milli landanna.

Þúsaldarvistmat Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2005 (Millennium Ecosystem Assessment) leiðir í ljós að maðurinn hefur á síðustu 50 árum valdið meiri breytingum á náttúrunni en á nokkru öðru tímabili í sögu mannkyns. Um 50–100 sinnum fleiri tegundir verða nú aldauða á ári hverju en áður gerðist. Meðal helstu orsaka þessa eru glötun búsvæða, innflutningur nýrra tegunda, ofnýting, loftslagsbreytingar og mengun. Þetta hefur áhrif á það hvaða kostir standa nú til boða. Vistmat Sameinuðu þjóðanna undirstrikar jafnframt hversu mikið maðurinn á undir líffræðilegri fjölbreytni að því er varðar það að komast af og við sköpun verðmæta

og hve mikilvæg hún er fyrir velferð og hagsæld okkar.

Erfðafræðileg fjölbreytni er mest í þróunarlöndunum en iðnvæddu löndin búa hins vegar yfir þeirri tækni sem þarf til að nýta auðlindirnar í viðskiptaskyni. Samningurinn stuðlar að þróun sem tryggir réttláta skiptingu gæðanna.

## Árið 2010

Á ráðstefnu leiðtoga heims árið 2002 ákváðu ríkin að freista þess að draga fyrir árið 2010 úr þeirri skerðingu á líffræðilegri fjölbreytni sem leiðir af starfsemi mannsins. Á fundi evrópskra umhverfisráðherra í Kænugarði árið 2003 urðu ráðherrarnir sammála um að setja metnaðarfullri markmið að því er Evrópu varðar. Það markmið var sett að freista þess að stöðva fyrir árið 2010 alla skerðingu á líffræðilegri fjölbreytni. Þessu skal náð meðal annars með því að stofna vistfræðilegt net verndarsvæða með ósnortinni náttúru.

## Framkvæmd samningsins

Aðildarlöndin skulu koma í kring innlendum áætlunum og aðgerðaáætlunum til að tryggja



Á Norðurlöndunum lifir flugíkorninn (*Pteromys volans*) aðeins í Finnlandi. Tegundinni hefur hnignað en hún var áður útbreidd um mest allt landið en á sér nú útbreiðslusvæði aðeins í suður og mið Finnlandi. Talið er að aukin skógrækt sé ástæðan fyrir þessari afturför (ljósm.: Jussi Murtosaari).

líffræðilega fjölbreytni – með samstarfi milli landa og óháð efnahagslegum mörkum.

Auðugu ríkin bera einnig ábyrgð á að stuðlað verði að því, með aðstoð í umhverfismálum, að fátæk ríki verði fær um að hrinda samningnum í framkvæmd.

Unnið verður að frekari þróun samningsins með því að koma á fót starfsáætlunum, með stefnumörkun og bókunum sem eru lagalega bindandi.

Í samningnum er gengið út frá því að maðurinn er hluti náttúrunnar og að við verðum að nýta okkur auðlindir hennar en jafnframt er



Sum skordýr eru háð tilteknum plöntum. Þetta fjðrildi er af tegundinni *Boloria aquilonaris* og lifra þess lifir á mýraberjum. Hverfi mosarnir þar sem mýraberjalyngið vex er lífsgrundvellingum kippt undan þessari fjðrildategund (ljósm.: Andis Liepa/Naturplan).



Samstarfi Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna, NOBANIS, var komið á fót með það að markmiði að hindra útbreiðslu ágengra tegunda á borð við tröllahvönn (*Heracleum mantegazzianum*) (ljósm.: Jens Muff Hansen/Naturplan).



Fjölbreytt landslag með mörgum vistgerðum skapar líffskilyrði fyrir fjölmargar tegundir lífvera (Indlandsvägen, Svíþjóð) (ljósm.: Carsten Brandt)

okkur skylt að huga að því hvaða áhrif það hefur á vistkerfin.

### Fræðsla og skilningur

Mikilvægt er að sem flestir átti sig á þeirri nauðsyn að varðveita líffræðilega fjölbreytni. Með fullgildingu samningsins hafa aðildarríkin tekið á sig þá ábyrgð að upplýsa þegna sína um mikilvægi tegunda og búsvæða.

### Erfðaauðlindir

Í samningnum er tryggt að hvert ríki hefur óskoraðan rétt til að nýta eigin auðlindir.

Erfðaauðlindir hafa mikla efna-hagslega þýðingu þar eð þær eru hráefni meðal annars í tengslum við líftækni, gerð lyfja og snyrtivara, ræktun og kynbætur.

Áætlað er að um það bil 40 % af hagkerfi heimsins byggist á

afurðum úr lífríkinu og líffræðilegum ferlum. Mikil umræða stendur nú um allan heim um hvernig haga skuli eignarrétti í tengslum við notkun erfðaauðlinda. Rök iðnaðarins fyrir notkun einkaleyfa eru þau að rannsóknir á erfðaauðlindum séu nauðsynlegar fyrir þróun nýrra lyfja og við þróun matvæla og landbúnaðar, svo að dæmi séu tekin, og að slíkt gagnist öllu mannkyni. Ókostirnir við einkaleyfi eru þeir að þau geta leitt til þess að erfðaauðlindir standi þeim einum til boða sem hafa ráð á greiða fyrir leyfin.

### Frumbyggjar og hefðbundnir lífnaðarhættir

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni gerir ráð fyrir sérstakri starfsáætlun fyrir frumbyggja og staðbundin samfélög þar sem lífnaðarhættir byggjast á erfðavenjum.

### Norrænt samstarf

Norðurlöndin hafa í sameiningu – á vegum Norræna ráðherra-ráðsins – sett fram áætlun um nýtingu erfðaauðlinda. Markmiðið með norræna samstarfinu er að styrkja starf sem miðar að varðveislu erfðafjölbreytni og sjálfbærri nýtingu í landbúnaði og skógrækt, fiskveiðum og í tengslum við matvæli. Samstarfinu er einnig ætlað að stuðla að því að markmið samningsins náist um aðgang að erfðaauðlindum og rétti þar að lútandi.

Þá hefur verið komið á fót samstarfi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja um framandi og ásækna tegundir (NOBANIS).

### Cartagena-bókunin

Í janúar 2000 gerðu aðildarlöndin með sér viðbótarsamkomulag,

Cartagena-bókunina, sem fjallar um þróun erfðabreyttra lífvera. Samningnum er ætlað að tryggja að nægilegrar umhverfisverndar sé gætt þegar erfðabreyttar lífverur eru fluttar milli landa og við notkun þeirra.

Norðurlöndin hafa öll skrifað undir Cartagena-bókunina. Undirritum Danmerkur tekur hvorki til Færeyja né Grænlands.



*Líffræðileg fjölbreytni nær til allra hópa lífvera og búsvæða þeirra (ljósm.: Carsten Brandt).*

# CITES-samningurinn

## Samningurinn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu



Veiðar villtra dýra í náttúrunni í þeim tilgangi að halda þeim föngrum eða nýta afurðir af þeim er talin ein af ástæðunum fyrir því að margar tegundir eru nú í útrýmingarhættu. Á sama hátt er mörgum tegundum plantna stefnt í hættu vegna þess að þær eru grafnar upp eða felldar. Víðtæk, alþjóðleg viðskipti eiga sér stað með margar af þessum tegundum, sem eru í hættu, og þau urðu til þess að CITES-samningurinn var samþykktur árið 1873 (Washington-samningurinn).

### Markmið

Markmiðið með samningnum er að vernda tegundir sem er ógnað vegna alþjóðlegra viðskipta. Markmiðið er að viðskiptin skuli vera sjálfbær, þ.e. að ekki sé tekið meira af stofnunum en þeir geta staðið undir.

Ákvæði samningsins gilda bæði um lífandi dýr eða plöntur og um afurðir af þeim um það bil 5000 dýrategundum og 28.000 plöntutegundum – þar af eru hið minnsta 20.000 brönugrös – sem hafa verið sett á skrár samningsins (CITES-tegundir). Samningurinn tekur fyrst og fremst til hitabeltistegunda, en hann nær

einnig til margra norrænna tegunda og í þeim hópi eru m.a. uglur, ránfuglar, otur, úlfur og ísbjörn.

### Inntak samningsins

Aðildarríkin skulu takmarka verslun með dýr og plöntur í útrýmingarhættu með því að banna inn- og útflutning ef það er mat manna að viðskiptin muni auka hættuna á að tegundunum verði útrýmt. Ef um er að ræða viðskipti með tegundir sem eru ekki í mikilli útrýmingarhættu er unnt að sækja um sérstakt leyfi til inn- og útflutnings.

Tegundirnar, sem CITES-samningurinn tekur til, eru tilgreindar í þremur skráum eftir því í hve mikilli útrýmingarhættu þær eru (1. rammi).

Rúmlega 1000 tegundir eru í svo mikilli útrýmingarhættu að verslun með þær er algerlega bönnuð (skrá I). Fyrir hinar tegundirnar er ávallt krafist sérstaks útflutningsleyfis (skrá II og III). Nokkur ríki setja auk þess þá kröfu að leyfi til innflutnings sé aflað.

### Sérstakar takmarkanir fyrir ríki Evrópusambandsins

Evrópusambandið hefur sett strangari reglur fyrir inn- og útflutning þeirra tegunda sem eru í útrýmingarhættu. Í sumum tilvikum gilda einnig sérstakar takmarkanir í tengslum við verslun innan Evrópusambandsríkjanna. Þær tegundir, sem falla undir ákvæði Evrópusambandsins, eru tilgreindar í 4. viðauka ESP tilskipunar við samninginn (2. rammi).

#### 1. rammi:

Skrá I: Tegundir sem ekki má eiga viðskipti með. Þetta eru þær tegundir sem eru taldar vera í mestri útrýmingarhættu.

Skrá II: Tegundir sem leyft er að eiga viðskipti með, en stjórn skal inn- og útflutningi til þess að tryggja framtíð þeirra.

Skrá III: Tegundir sem leyft er að eiga viðskipti með, að því tilskildu að þær séu frá tilteknum ríkjum.



Hvítabjörninn er ein þeirra norrænu tegunda sem CITES-samningurinn tekur til. Árum saman hafa menn veitt hvítbjörn (*Ursus maritimus*), meðal annars vegna eftirspurnar eftir feldinum (ljósm.: John Frikke).

## 2. rammí:

**Viðauki A:** Tegundir í skrá I, ásamt tegundum í skrá II eða III sem Evrópusambandið telur að ættu að vera tilgreindar í skrá I. Viðaukinn nær enn fremur yfir tegundir, sem njóta ekki verndar samkvæmt ákvæðum samningsins, en falla undir ákvæði í annarri löggjöf Evrópusambandsins. Auk þeirra ákvæða sem gilda um tegundir í skrá I eru sérstakar takmarkanir í tengslum við verslun innan landamæra Evrópusambandsins.

**Viðauki B:** Fyrst og fremst tegundir í skrá II ásamt nokkrum tegundum í skrá III. Í viðaukanum eru einnig tegundir, sem falla ekki undir samninginn, en eru álitnar skapa vistfræðilega ógn fyrir tegundir sem eiga náttúruleg búsvæði í löndum Evrópusambandsins. Heimila má viðskipti með þær samkvæmt ströngum leiðbeiningum.

**Viðauki C:** Tegundir í skrá III. Um þær gilda sömu leiðbeiningar og fyrir tegundir í skrá III en að auki er gerð krafa um innflutningstillkygningu ef þær eru fluttar inn til Evrópusambandsins.

**Viðauki D:** Tegundir sem eru tilgreindar í skrá III þar sem ríki Evrópusambandsins hafa sett fyrirvara um. Að auki eru þar tilgreindar tegundir, sem eru ekki í skrá samningsins, en menn vilja fylgjast með umfangi innflutningsins. Innflutningur til landa Evrópusambandsins er háður innflutningsleyfi.



Á hverju ári ganga milljónir lifandi dýra og plantna kaupum og sölum í heiminum öllum til að mæta eftirspurninni eftir gæludýrum og skrautplöntum (ljósm.: Skov- og Naturstyrelsen).

[www.cites.org](http://www.cites.org)

# Ramsar-samningurinn

Samningurinn um vernd votlendissvæða sem hafa  
alþjóðlegt gildi, einkum sem lífsvæði vatnafugla



Árið 1971 var „samningurinn um vernd votlendissvæða sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum sem heimkynni fugla“ samþykktur. Í daglegu tali er hann einfaldlega kallaður Ramsar-samningurinn.

Samningurinn öðlaðist gildi árið 1975 og nú hafa 152 lönd fullgilt samninginn, m.a. öll Norðurlöndin. Alls hafa 1629 votlendissvæði verið tilnefnd sem svæði með alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla.

## Markmið

Markmiðið með samningnum er að vernda votlendissvæði sem eru fyrst og fremst búsvæði votlendisfugla. Vernda skal öll svæði sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla. Svæði telst hafa alþjóðlegt gildi ef þar halda sig að jafnaði 20.000 fuglar af tiltekinni tegund eða hið minnsta 1 % fugla af tiltekinni tegund eða undirtegund.

Ekki skal aðeins tekið tillit til votlendisfugla á svæðinu, heldur skal vernda allar tegundir dýra og plantna gegn ofnýtingu í því skyni að varðveita náttúrulega umhverfið.

## Ramsar-svæði

Votlendissvæði eru fjölbreytileg svæði í náttúrunni og tengja saman þurrlandi og vatn. Í Ramsar-samningnum er votlendissvæði skilgreint á mjög víðtækan hátt. Skilgreiningin tekur m.a. til mýra, flóa, fenja og vatna með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal til sjávar þar sem dýpi er innan við sex metra.

Svæðin eru ekki aðeins mikilvæg fyrir fugla heldur einnig fyrir margar aðrar lífverur. Þau geta til dæmis verið mikilvæg hrygningar- og uppeldissvæði fiska.

## Skuldbindingar

Ríki, sem hafa fullgilt samninginn, skuldbinda sig til að tilnefna hið minnsta eitt votlendissvæði á skrá Ramsar-samningsins og til að vinna að almennri vernd votlendissvæða. Nýting votlendissvæðanna skal vera sjálfbær. Það merkir að við stjórn svæðanna skal bæði gæta gæða svæðanna og tryggja að nýting þeirra til afþreyingar skerði ekki gildi þeirra. Aðildarríkin skuldbinda sig jafnframt til þess að stuðla að vernd votlendissvæða og -fugla með því að setja á stofn friðlönd og ríkin skulu starfa saman að

vernd búsvæða og tegunda á þeim votlendissvæðum sem varða þau sameiginlega.

## Ramsar-svæði á Norðurlöndum

Á Norðurlöndum er að finna mjög víðáttumikil votlendissvæði. Það á einkum við um Finnland og Svíþjóð þar sem eru mjög víðáttumiklar mýrar og grunn stöðuvötn. Samkvæmt skilgreiningu Ramsar-samningsins eru tæp 25 % af flatarmáli Finnlands og Svíþjóðar votlendi.

Þann 24. apríl 2006 höfðu Norðurlöndin tilnefnt alls 178 votlendissvæði og er heildarflatarmál þeirra 35.682 km<sup>2</sup>. Fjöldi og stærð svæðanna sýna að votlendissvæði Norðurlandanna hafa mikið gildi fyrir margar tegundir votlendisfugla.



*Ríkin sem hafa gerst aðilar að Ramsar-samningnum eru skuldbundin til að tilgreina að minnsta kosti eitt Ramsar-svæði og til að efla vernd votlendis með því að friðlýsa svæði. Tipperne í Ringkøbing-firði er eitt þeirra friðlýstu svæða sem sett hafa verið á fót í Danmörku (ljósm.: Jens Muff Hansen/Naturplan).*



*Mývatn státar af einstaklega fjölskrúðugu fuglalífi og hefur verið tilnefnt sem svæði með alþjóðlegt gildi (ljósm.: Árni Einarsson).*



# Bernarsamningurinn

## Samningurinn um vernd villtra dýra og plantna og búsvæða þeirra í Evrópu



Bernarsamningurinn, sem var samþykktur árið 1979, fjallar um vernd evrópskra tegunda villtra dýra, plantna og búsvæði þeirra. Aðilar að samningnum eru ESB og 45 ríki í Evrópu og Afríku. Að auki hafa nokkur ríki áheyrnarrétt.

Öll Norðurlöndin, að undanskildu Grænlandi og Færeyjum, hafa fullgilt samninginn.

### Markmið

Markmiðið með Bernarsamningnum er að vernda dýr og plöntur og heimkynni þeirra. Margar tegundir og búsvæði þeirra eru í hættu eða eru viðkvæm og til að tryggja að þau hverfi ekki er nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til þeirra. Einnig er gerð krafa um að vernda sérstaklega tegundir fardýra.

Samningnum er ætlað – auk þess að vernda tegundir og búsvæði þeirra – að stuðla að samstarfi og samræmingu meðal einstakra ríkja, því að auðveldara er að ná markmiðum samningsins ef samstarf er haft um þessi mál.

### Eðli samningsins

Þær tegundir plantna og dýra, sem samningurinn tekur til, eru tilgreindar í þremur skráum (1. rammi). Munurinn á skránum er fölginn í þeirri hættu sem steðjar að tegundunum og hve viðkvæmar þær eru. Fjórdá skráin fjallar um bannaðar veiðiaðferðir og veiðibúnað.

Skrá I tekur fyrst og fremst til suðurevrópskra plöntutegunda, en þar eru líka tilgreindar allmargar norrænar tegundir, m.a. bogabroddi og gullbrá.

Skrá II tekur einnig til margra norrænna tegunda, t.d. bláþyrils, hnísu, úlfs, skógarbjarnar, ránfugla og uglna.

Skrá III tekur til nær allra evrópskra spendýra, þ.m.t. er bjór, fugla, þ.m.t. er rjúpa, skriðdýra og froskdýra, svo og til nokkurra fisktegunda sem eru ekki í skrá II.

### Stjórnun

Framkvæmd samningsins er undir stjórn nefndar sem í eru fulltrúar aðildarríkjanna og ríkja sem hafa áheyrnarstöðu. Nefndinni er ætlað

að tryggja að ríkin fari að ákvæðum samningsins. Henni er líka ætlað að koma með tillögur um hvernig innleiða megi ákvæði samningsins í löggjöf ríkjanna.

Nokkrar óopinberar stofnanir eiga enn fremur fulltrúa í nefndinni. Þeir gegna þar mikilvægu hlutverki því að þeir eru oft fyrstir til að bregðast við í málum sem varða vernd eða vöktun.

Bernarsamningurinn á þátt í því að flestar tegundir froskdýra og skriðdýra á Norðurlöndunum hafa verið friðaðar.



Hnúðkartan (*Bufo bufo*) er ein af þeim tegundum í skrá III í samningnum þar sem veiðum er stjórnað. Þau froskdýr, sem eru ekki nú þegar í skrá II, eru tilgreind í skrá III (ljósm.: Birthe Overgaard/Naturplan).

#### 1. rammi

Skrá I: Tegundir plantna sem njóta strangrar verndar. Tegundirnar eru svo hætt komnar að aðildarríkin hafa skuldbundið sig til að tryggja að þessar tegundir og vaxtarstaðir þeirra njóti sérstakrar verndar.

Skrá II: Tegundir dýra sem njóta strangrar verndar. Aðildarríkin skulu vernda dýrin og heimkynni þeirra, t.d. í tengslum við veiðar, söfnun, tínslu o.þ.h., truflun og viðskipti með tegundirnar, ef þessir þættir hafa áhrif á vernd þeirra.

Skrá III: Tegundir sem eru veiddar og þar sem veiðunum skal stjórnað. Nær allar evrópskar tegundir, sem eru ekki í skrá II, eru í skrá III. Gert er ráð fyrir því að nýting tegundanna sé stjórnað þannig að tryggt sé að stofnarnir séu ekki settir í hættu.

Skrá IV: Bannaður veiðibúnaður og veiði- aðferðir. Bannað er m.a. að nota hálf- eða alsjálfvirk vopn við veiðar, að nota snörur til að veiða spendýr og nota eitrað agn.



Nokkrar tegundir eru í svo mikilli útrýmingarhættu að aðildarríkjunum er skylt að gera sérstakt átak til þess að vernda þær og búsvæði þeirra. Úlfurinn (*Canis lupus*) er ein þessara tegunda (ljósm.: Baard Næss/NN/Polfoto).

# Bonn-samningurinn

## Samningur um villtar fartegundir dýra



Mörg dýr fara reglulega yfir landamæri ríkja á ferðum sínum milli uppeldisstöðva og vetrarstöðva eða þegar þau ferðast í ætisleit. Þetta á við um farfugla, hvali, fiska og ýmis önnur dýr.

### Markmið

Markmið samningsins er að vernda villtar dýrategundir sem fara reglubundið yfir landamæri. Aðildarlöndin eru skuldbundin til þess að vernda dýrategundir sem eru í hættu og gera samninga um samstarf sem tryggir betri vernd dýranna á ferðum þeirra. Markmiðið er að dýrin njóti ákjósanlegrar verndar.

### Skrár

Teknar hafa verið saman tvær skrár yfir dýrategundir í hættu (1. ramma).

### Sérstakt átak varðandi tegundir í skrá I

Aðildarlöndunum er skylt að beita sér fyrir sérstöku átaki varðandi tegundir í skrá I. Löndin skulu vernda búsvæði tegundanna og endurreisa eða endurskapa heimkynni þeirra. Reyningin verður oft sú að verndin

leiðir til þess að tegundin og/eða heimkynni hennar verða friðlýst.

Aðildarlöndin skulu auk þess freista þess að beita sér gagnvart þeim aðstæðum eða þeirri starfsemi sem orsakar það að tegundinni er ógnað. Þetta á til dæmis við um veiðar.

### Samstarf varðandi tegundir í skrá II

Fyrir tegundir í skrá II koma tvenns konar samstarfssamningar til greina. Fyrri gerðin hefur að markmiði að taka til allra landa á útbreiðslusvæði dýrategundar. Samningurinn tekur einnig til landa sem hafa ekki fullgilt Bonn-samninginn.

Hin gerð samstarfssamninga gildir þegar um er að ræða dýr sem fara aðeins öðru hverju yfir landamæri. Þessir samningar taka ekki í öllum tilvikum til allra landa á útbreiðslusvæði viðkomandi tegundar.

### Dæmi um tegundir sem eru tilgreindar í skránum

Í skrá I eru yfir 100 tegundir, en í skrá II eru tilgreindar yfir 1000 tegundir. Í skrá I eru til að mynda engirella, haförn, hnúfubakur og norðhvalur.

Í skrá II eru m.a. búrðhvalur, landsælur og lómur.

92 lönd hafa fullgilt samninginn, m.a. Norðurlöndin, að Íslandi undanskildu.

#### 1. ramma:

Skrá I: Tegundir sem eru í útrýmingarhættu á öllu útbreiðslusvæði sínu eða hlutum þess.

Skrá II: Tegundir sem nauðsynlegt er að milliríkjasamkomulag gildi um eða sem njóta góðs af slíku samkomulagi.

[www.cms.int](http://www.cms.int)



*Engirellan (Crex crex) er í útrýmingarhættu í öllum heimkynnum sínum og er því á skrá I í Bonnsamningnum. Á mörgum stöðum hefur verið gripið til aðgerða í því skyni að búa til eða endurheimta búsvæði fyrir tegundina (ljósm.: Aivars Petrins/Naturplan).*

## Alþjóðlegir samstarfssamningar

AEWA, EUROBATS og ASCOBANS eru einna víðtækustu samstarfssamningarnir sem gerðir hafa verið samkvæmt Bonn-samningnum.

### AEWA (African-Eurasian Waterbird Agreement)

Markmiðið með AEWA er að vernda vatnafugla sem fara milli Afríku, Evrópu og Asíu. Margir vatnafuglanna fljúga langar leiðir og fara þá yfir landamæri margra ríkja. Af þeim sökum er þörf á alþjóðlegum samstarfssamningum til að tryggja að fuglarnir njóti þeirrar verndar sem best verður á kosið á varp- og dvalarstöðum þeirra og í þeim löndum sem þeir fara um í farflugi sínu. Löndin sem hafa gerst aðilar að samningnum skuldbinda sig t.d. til þess að vernda og endurskapa heimkynni tegundanna og setja af stað rannsóknaráætlanir í því skyni að skapa fuglunum betri skilyrði.

Samningurinn tekur til 235 tegunda vatnafugla sem dvelja allt árið eða hluta þess á votlendissvæðum.

Alls hafa 53 lönd – m.a. Danmörk, Finnland og Svíþjóð – gerst aðilar að samningnum sem tekur til allrar Afríku og Evrópu, hluta Asíu og nokkurra svæða á norðurheimskautssvæðinu.

### EUROBATS (The Agreement on the Conservation of Populations of European Bats)

Markmið samningsins er að vernda leðurblökur í Evrópu. Með aðild að samningnum skuldbinda löndin sig til að veita upplýsingar um leðurblökur og setja löggjöf um þær og til að starfa með þeim löndum sem hafa ekki fullgilt Bonn-samninginn. Margar tegundir leðurblakna eru nú í hættu vegna þess að mörg af heppilegum búsvæðum þeirra hafa glatast. Verri lífsskilyrði stafa m.a. af notkun varnarefna og þörf er á aukinni vitneskju um líffræði og heimkynni leðurblaknanna. Samningurinn tekur til allra 45 tegunda leðurblakna í Evrópu.

Alls hafa 48 lönd gerst aðilar að samningnum, m.a. Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð.

### ASCOBANS (Agreement on the Conservation of Small Cetaceans of the Baltic and North Seas)

Markmið ASCOBANS-samningsins er að vernda tegundir smárra tannhvala í Eystrasalti og Norðursjó. Allir tannhvalir, að búrhval undanskildum, falla undir samninginn. Löndin, sem hafa gerst aðilar að samningnum, skuldbinda sig til að stuðla að vernd hvalategunda sinna með því að hrinda af stað ýmiss konar rannsóknar- og stjórnunarverkefnum.

Nú hafa Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Litháen,

Holland, Pólland, Svíþjóð og Stóra-Bretland gengist undir ákvæði samningsins.

Áþekkur samningur, ACCOBAMS, er í gildi fyrir tegundir smárra tannhvala í Miðjarðarhafinu og á aðliggjandi siglingaleiðum.

Frekari upplýsingar um samstarfssamningana þrjá:


[www.unep-aeawa.org](http://www.unep-aeawa.org)  
[www.eurobats.org](http://www.eurobats.org)  
[www.ascobans.org](http://www.ascobans.org)



Landselur (*Phoca vitulina*) er í skrá II í samningnum. Þýskaland, Holland og Danmörk hafa gert með sér samning um vernd landsela í Vadehavet. Markmiðið með samningnum er að skapa selunum svo góð lífsskilyrði að stofninn komist vel af (ljósm.: Stig Bachmann Nielsen/Naturplan).



Lóupræll (*Calidris alpina*) er í hópi þeirra 235 fuglategunda sem falla undir samstarfssamninginn um vatnafugla sem fara milli Afríku, Asíu og Evrópu (ljósm.: Klaus Mortensen/Naturplan).



EUROBATS er samstarfssamningur 48 landa. Markmiðið með samningnum er að bæta lífsskilyrði almennt fyrir leðurblökur (ljósm.: Andis Liepa/Naturplan).

# Hvalveiðisamningurinn

## Samningurinn um stjórnun hvalveiða



Á fjórða áratug 20. aldar stunduðu margar þjóðir miklar hvalveiðar. Þetta leiddi til þess að mikil hættu var á að hvöllum yrði útrýmt. Noregur og England gerðu með sér samning þegar árið 1931 um að takmarka hvalveiðar til að vernda stofnana. Árið 1937 gerðust fleiri lönd aðilar að samningnum, en hann reyndist ekki mjög árangursríkur því að stöðugt bættust ný lönd við í hóp hvalveiðipjóða. Nauðsynlegt var að koma á nýrri stjórnun og á grundvelli þess samþykktu 15 hvalveiðipjóðir hvalveiðisamninginn árið 1946. Á árunum fyrir og eftir 1980 fullgiltu mörg ný lönd hvalveiðisamninginn. Flest þessara nýju aðildarlönd unnu í meginatriðum að því að stöðva hvalveiðar með öllu eða takmarka þær verulega.

### Markmið

Markmiðið með samningnum er að stjórna stofnum stórhvela heimsins og vernda þá. Þetta skal meðal annars gert með því að stjórna veiðum á tegundum stórhvela.

### Framkvæmd samningsins

Framkvæmd hvalveiðisamningsins er í höndum Alþjóðahvalveiðiráðsins sem ákveður hvalveiðikvóta á

grundvelli vísindalegra gagna. Kvótarnir eru ákveðnir út frá mati á stofnstærð hvala og fjölgun þeirra og á grundvelli heilbrigðisástands þeirra, umhverfismengunar, meðafla í tengslum við fiskveiðar, loftslagsbreytinga, truflana og skipaumferðar.

### Hvalveiðibann

Árið 1986 samþykkti hvalveiðiráðið bann við veiðum á tegundum stórhvela í atvinnuskyni, en veiðar í vísindaskyni voru þó undanskildar. Ætlunin var að bannið gildi í fimm ár meðan hvalveiðiráðið ynni að umfangsmiklu mati á hvalastofnum. Bannið hefur síðan verið framlengt og er enn í gildi. Norðmenn settu fyrirvara við bannið og veiða enn hrefnur.

### Hvalveiðipjóðir frá fornu fari

Litið er á hvalveiðar á Grænlandi sem hefðbundnar veiðar frumbyggja og Grænlandingar hafa leyfi til að veiða tiltekinn fjölda stórhvela á ári hverju.

### Friðlýsing tegundar eða svæða

Hvalveiðisamningurinn gefur kost á að haga friðlýsingu á tvo vegu. Annað hvort geta menn friðlýst tegundir hvala eða tilgreint hafsvæði þar sem bannað er að veiða hvali.

Árið 1979 var t.d. sett bann við hvalveiðum á Inlandshafi og árið 1994 voru hvalir friðlýstir í hafinu umhverfis Suðurskautslandið.

### Smáhveli

Samningurinn tekur ekki til smáhvela. Smáhveli njóta verndar samkvæmt CITES-samningnum, Bernarsamningnum og Bonn-samningnum.

### Aðildarlönd

Nú eiga 70 lönd aðild að hvalveiðisamningnum, en fæst þeirra stunda þó hvalveiðar af nokkru tagi. Öll Norðurlöndin eru aðilar að hvalveiðisamningnum.



*Í kjölfar hvalveiða um áratugi var svo gengið á stofna stórhvela að hvalveiðiráðið kvað á um bann við veiðum í atvinnuskyni. Hvalveiðibannið tekur m.a. til hnúfubaksins (*Megaptera novaeangliae*) (ljósm.: Jens Muff Hansen/Naturplan).*



*Hvalveiðiskip við bryggju í Reykjavík (ljósm.: Torben Christensen/Scanpix).*

[www.iwcoffice.org](http://www.iwcoffice.org)



# Helsingfors-samningurinn

## Samningurinn um vernd hafsvæðisins á Eystrasaltssvæðinu



Aðstreymi næringarefna og mengandi efna, ásamt ofveiði og vaxandi skípaumferð, hefur sífellt meiri umhverfisvanda í för með sér í Eystrasalti. Margar tegundir lífvera á svæðinu eru annaðhvort horfnar eða þær eru í hættu vegna mengunar og ofveiði.

Vegna bágs ástands Eystrasaltsins samþykktu þau sjö lönd, sem þá lágu að Eystrasaltinu, Helsingfors-samninginn árið 1974. Samningurinn var fyrsti alþjóðlegi samningurinn sem fjallaði um allar tegundir mengandi uppspretna, þ.m.t. aðstreymi næringarefna og mengandi efna frá upplandi við Eystrasaltið og losun úrgangs frá skipum og flugvélum í hafið.

Árið 1992 samþykktu alls níu ríki við Eystrasaltið og Evrópubandalagið nýjan samning sem kom í stað samningsins frá 1974. Í samningnum var bætt við ákvæðum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni og frá árinu 1999 hefur hann einnig tekið til stjórnunar á strandsvæðum og vatnsfalla sem renna yfir landamæri.

### Markmið

Markmiðið með samningnum er að stöðva alla mengun á svæðinu og að skapa betri skilyrði í öllu Eystrasaltinu í heild. Nú tekur samningurinn til hafsins, hafsbotsins og alls upplands við Eystrasaltið, svæðis sem er að heildarflatarmáli um 415.000 km<sup>2</sup>.

### Helsingfors-nefndin

Helsingfors-nefndin, sem skipuð er fulltrúum aðildarlandanna, á að sjá til þess að samningnum verði hrint í framkvæmd. Nefndin ber ábyrgð á að vakta ástand umhverfisins og skal með ákvörðunum sínum og tilmælum stuðla að því að mengun minnki og að líffræðileg fjölbreytni verði varðveitt. Frá upphafi áttunda áratugar síðustu aldar hefur Helsingfors-nefndin sett fram yfir 200 tilmæli.

Hvert ríki ber sjálft ábyrgð á því að tilmælin verði felld inn í löggjöf þess. Nefndin getur því aðeins tekið ákvörðun eða gert með sér samkomulag að allir nefndarmenn séu sammála um það.

### Skuldbindingar

Aðildarríkin skuldbinda sig til að koma í veg fyrir hvers kyns mengun sem skaðað getur vistkerfi Eystrasalts. Ef aðildarríki mengar hafið skal það sjálft greiða fyrir hreinsunina. Þessi meginregla, að sá er veldur mengun skuli greiða fyrir hreinsun, er sett til að tryggja að enginn hafi efnahagslegan ávinning af því að veita úrgangsefnum í vistkerfi hafsins. Þvert á móti verður það til hagsbóta fyrir hvert ríki að komast hjá því að menga því að mengunin hefur í för með sér efnahagslegar afleiðingar vegna hreinsunar.

Auk þeirrar skyldu aðildarríkjanna að draga úr mengun Eystrasalts er þeim einnig skylt að vakta ástand umhverfisins á svæðinu.

Þótt ofveiði eigi þátt í að margar tegundir lífvera séu í hættu á Eystrasaltssvæðinu falla fiskveiðar ekki undir samninginn. Ákvæði samningsins ná þó til áhrifa fiskveiða á sjávarvistkerfin.



*Margar tegundir lífvera í Eystrasaltinu eru í hættu vegna mengunar og ofveiða. Styrja (*Acipenser sturio*) var fyrrum algengur fiskur á þessu svæði, en er nú horfin með öllu (ljósm.: Lars Laursen/Scanpix).*

Nú ríki – auk ESB – hafa fullgilt samninginn. Þau eru Svíþjóð, Finnland, Danmörk, Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Rússland og Þýskaland.



*Ein helsta orsök þess að ástand Eystrasaltsins er svo bágt sem raun ber vitni er að næringarefni og mengandi efni berast í það í of miklum mæli. Helsingfors-samningnum er ætlað að tryggja að enginn hafi hag af því að sleppa mengandi efnum í hafið (ljósm.: Stig Bachmann Nielsen/Naturplan).*

# OSPAR-samningurinn

## Samningurinn um vernd Norðaustur-Atlantshafsins



OSPAR-samningurinn fjallar um vernd Norðaustur-Atlantshafsins, þ.m.t. Kattegat og Norðursjóinn. Samningurinn varð til við samruna Parísar- og Oslóarsamningsins sem fjölluðu um mengun frá landi og losun úrgangs frá skipum og flugvélum. Af hálfu ríkjanna við Norðaustur-Atlantshafið var ekki talið að eldri samningarnir tveir tryggðu nægilega vernd hafsins gegn öllum upptökum mengunar. Árið 1992 var því ákveðið að samþykkja nýja samninginn sem tekur til allra umsvifa mannsins sem stuðlar að mengun Norðaustur-Atlantshafsins.

### Markmið

Árum saman hefur maðurinn mengað Norðaustur-Atlantshafið með margs konar úrgangsefnum. Þessi mengun hefur haft óheppilegar afleiðingar fyrir plöntu- og dýralíf hafsins. Ætlunin með OSPAR-samningnum var að varðveita líffræðilega fjölbreytni hafsvæðisins og stuðla að endurheimt fyrri fjölbreytni með því að koma með öllu í veg fyrir að úrgangsefnum væri veitt eða sleppt í hafið.

### OSPAR-nefndin

OSPAR-samningurinn er undir stjórn OSPAR-nefndarinnar sem skipuð er fulltrúum allra aðildarríkjanna. Nefndin leggur tilmæli og ráðleggingar fyrir aðildarríkin og hefur meðal annars lagt bann við að olú sé sleppt í hafið frá olíuborpöllum og takmarkað heimildir til að sleppa geislavirkum efnum í sjó. Nefndin leggur enn fremur ríka áherslu á að efla umhverfisvöktun og vöktun mengandi uppsprettna.

Nefndin hefur ekki vald til þess að taka ákvarðanir um stjórn fiskveiða.

### Vistgerðir og tegundir lífvera í mikilli hættu

OSPAR-nefndin hefur til bráðabirgða tilnefnt 14 mismunandi vistgerðir og búsvæði og nokkurn fjölda dýrategunda, sem eru í útrýmingarhættu, og aðildarlöndunum er falin sérstök ábyrgð með þeim. Þar er um að ræða bæði spendýr, fiska, lindýr, skriðdýr og fugla.

Meðal þeirra vistgerða, sem njóta sérstakrar verndar og finnast á Norðurlöndunum, eru sjávarleirur, svæði með marhálmi og ostrumið.

Tegundir, sem lifa í Norðursjó og þarfnast sérstakrar verndar, eru m.a. nákuðungur, styrja, steypireyður og roðaberana.

OSPAR-nefndin hefur m.a. sett sér það markmið að koma á fót neti verndaðra svæða í Norðaustur-Atlantshafinu. Nefndin hefur sett sér viðmiðanir til að fara eftir við val og stjórn á þeim svæðum sem njóta skulu sérstakrar verndar.

### Aðildarríki

15 ríki – auk ESB – hafa fullgilt samninginn, þ. á m. öll Norðurlöndin.



Áður var leyfilegt að kasta úrgangi í sjó frá olíuborðöllum en OSPAR-nefndin hefur nú sett algert bann við sleppingu mengandi efna í hafið (ljósm.: Steen Jacobsen/Scanpix).



Árlega drepast margir vatnafuglar vegna olíumengunar. Hér má sjá grâhegra (*Ardea cinerea*) sem er ataður í olíu (ljósm.: Søren Steffen/Scanpix).

# Samningurinn um heimsminjar

## Samningur Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) um vernd menningar- og náttúruarfleifðar heimsins



Aðildarríki Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna samþykktu árið 1972 samninginn um vernd menningar- og náttúruarfleifðar heimsins. Hvatinn að honum var sú hættu að náttúruleg svæði, fornminjar og menningarminjar færu forgörðum vegna mengunar, ágangs ferðamanna, styrjalda eða almennrar hrörnunar.

### Markmið

Markmiðið með samningnum um heimsminjar er fyrst og fremst að tilgreina menningar- og náttúru-minjar sem hafa gildi fyrir allt mannkyn og varðveita þær.

Ætlunin er að beina athyglinni frekar að menningar- og náttúruarfleifð heimsins og sjá til þess að aðildarríkin setji í löggjöf sína ákvæði sem tryggja vernd náttúru- og menningarminjanna. Markmiðið er enn fremur að koma á árangursríku og alþjóðlegu samstarfi um vernd þessara minja í þágu komandi kynslóða.

### Skilgreining

Skilgreining Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna á náttúru- og menningararfleifð er mjög víð. Skilgreiningin tekur m.a.

til sögufrægra bygginga, náttúru-fyrirbæra, sem hafa fagurfræðilegt, jarðfræðilegt eða vísindalegt gildi, og búsvæða plöntu- og dýrategunda sem eru í útrýmingarhættu.

Samkvæmt skilgreiningu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna eru þessi verðmætu fyrirbæri ýmist náttúruleg, manngerð eða þetta hvort tveggja í senn.

### Heimsminjaskráin

Þeir staðir sem eru tilgreindir sem menningar- og náttúruarfleifð eru teknir upp í heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Hvert land, sem hefur fullgilt samninginn, kemur sjálft með ábendingar um nýja staði fyrir heimsminjaskrána.

Heimsminjanefndin, sem í eru fulltrúar 21 aðildarríkis, skulu samþykkja tillögur um staði eða náttúruminjar sem tekin verða upp í skránni. Áður en nýjar tillögur eru lagðar fyrir nefndina fara þær gegnum víðtækt matsferli á vegum faglegra, óopinberra stofnana. Alþjóðanáttúrverndarstofnunin (IUCN) annast það mat ef um er að ræða náttúruleg fyrirbæri en

Alþjóðaráðið um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS) ef um menningarminjar er að ræða. Matið á að tryggja að kröfur, sem gerðar eru í samningnum um gæði, afmörkun og stjórn minjanna eða svæðanna séu uppfylltar.

Þótt staður eða minjar komist á heimsminjaskrána tryggir það eitt ekki vernd hans eða þeirra, en gengið er út frá því að viðkomandi ríki skuldbindi sig til að varðveita viðkomandi stað eða minjar til framtíðar. Sjötta hvert ár skulu svæðin skoðuð til að ganga úr skugga um hvort verðmætin skerðist og hvort breyta þurfi einhverju varðandi stjórnun.

Ef staður kemst á heimsminjaskrána er litið á það sem mikla viðurkenningu og verður oft til þess að fleiri ferðamenn sækja hann heim en áður. Aukinn fjöldi ferðamanna getur aukið tekjur en jafnframt geta áhrif vaxandi ferðamennsku verið neikvæð, t.d. vegna meiri ágangs en staðurinn þolir. Sú krafa er gerð að aðildarríkin séu sér meðvituð um þennan vanda áður en þau tilnefna svæði sem þau vilja að komist á heimsminjaskrána.



*Þingvellir hafa verið settir á heimsminjaskrána, að hluta vegna sögu staðarins og að hluta vegna landslags og staðháttu. Alþingi Íslendinga var haldið á Þingvöllum frá 930 til 1798 (ljósm.: Morten Lund Overgaard).*



*Enn er Ilulissat í Ísfirði eini staðurinn á Grænlandi sem hefur komist á heimsminjaskrána. Á hverju ári skila skriðjöklarnir á svæðinu rúmlega 35 km<sup>3</sup> af ís til sjávar. Rannsóknir á jöklunum hafa veitt vísindamönnum mikilvægar upplýsingar um loftslag jarðar eftir síðustu ísöld (ljósm.: Slim Allagui/Scanpix).*

### **Norrænt samstarf**

Norðurlöndin hafa komið upp norrænni miðstöð (NWHF) sem er ætlað að styrkja sameiginlegt átak til að vernda náttúru- og menningarminjar heimsins. Stofnun þessarar miðstöðvar á að tryggja að Norðurlöndin virði ákvæði samningsins. Miðstöðin samræmir norræn átaksverkefni og starfar með Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna að því að styðja þá heimshluta sem eiga tiltölulega fáa staði eða svæði á heimsminjaskránni.

Alls hafa 182 ríki, þ.m.t. öll Norðurlöndin, gerst aðilar að samningnum.



*Sammallahdenmäki-haugarnir í Finnlandi eru frá bronsöld og eru á heimsminjaskránni. Þessir haugar gefa einstaka mynd af samfélagi og trúarlífi fólks í Norður-Evrópu fyrir rúmum 3000 árum (ljósm.: Teija Tiitinen).*

whc.unesco.org  
www.nwhf.no

# Evrópski landslagssamningurinn



Landslag verkar á vitund fólks og endurspeglar fjölbreytileikann í sameiginlegri menningar- og náttúruarfleifð. Landslagið er víða algerlega náttúrulegt en í mörgum tilvikum er það afrakstur af samspili náttúru og mannsins. Allar landslagsgerðir hafa mikið gildi fyrir velferð okkar og hagsæld. Landslagið breytist jafnframt án afláts vegna breytinga í þjóðfélaginu, t.d. í landbúnaði, iðnaði, landskipulagi og ferðapjónustu.

## Markmið

Samningnum er ætlað að tryggja að íbúar Evrópu megi ávallt njóta fagurs landslags. Honum er ætlað að stuðla að vernd og góðri stjórn í tengslum við landslag og hann á að nýtast til að endurmóta landslag sem hefur verið spillt. Samningurinn skal enn fremur skapa grundvöll fyrir evrópskt samstarf um landslag.

## Hvað er landslag?

Í samningnum er skilgreiningin á landslagi víð. Hún tekur bæði til landslags í þéttbýli og í landbúnaðarhéruðum og til garða og náttúrulegra svæða – það er að segja til allra landslagsgerða, án tillits til ástands eða gæða.

## Aukinn skilningur á landslagi

Í því skyni að auka skilning fólks á gildi þess að vernda landslag eru aðildarríkin skuldbundin til þess að auka vitund manna á því gildi sem landslag hefur fyrir velferð okkar og sjálfsvitund.

## Landslagsstefna

Hvert aðildarríki ber sjálft þá ábyrgð að vernda landslag, stjórna því og skipuleggja. Ríkin eru skuldbundin til að meta landslag heima fyrir og þá þætti sem hafa áhrif á það. Á grundvelli þessa mats skulu ríkin setja gæðamarkmið varðandi landslag. Íbúar og yfirvöld skulu eiga þess kost að taka þátt í að setja gæðamarkmiðin og geta haft áhrif þegar ákvarðanir eru teknar sem hafa bein eða óbein áhrif á þróun landslags.

## Alþjóðlegt samstarf

Aðildarríkjunum er skylt að starfa með öðrum ríkjum og þvert yfir landamæri til að leggja fram og hrinda í framkvæmd áætlunum um landslag, í sameiningu ef nauðsyn krefur.

## Stjórn

Landslagssamningurinn er undir stjórn nefndar Evrópuráðsins um menningarminjar (CDPAT) og nefndar um líffræðilega fjölbreytni (CO-DBP).

Nú hafa 20 ríki fullgilt samninginn, m.a. Danmörk, Noregur og Finnland.



*Í samningnum er landslag skilgreint sem svæði með einkenni og yfirbragð sem skapast hefur við náttúruleg skilyrði og/eda samspil náttúrulegra skilyrða og umsvifa mannsins (Orkdal, Noregur) (ljósm.: Carsten Brandt).*



*Landslagssamningurinn kveður á um vernd margbreytilegra landslagsgerða og tekur til hvers kyns landslags. Ákvæði hans um vernd ná bæði yfir ræktað land og land sem er ósnortið af umsvifum mannsins (ljósm.: Stig Bachmann Nielsen/Naturplan).*



# Granada-samningurinn

## Samningurinn um varðveislu evrópskrar byggingararfleifðar



Byggingararfleifð Evrópu er einstaklega auðug og fjölbreytileg. Í byggingarlistinni varðveitist mynd af fortíð og nútíð álfunnar. Hún er hluti af sameiginlegri sögu og samkennd íbúanna og er mikilvæg forsenda lífsgæða og þess að geta skynjað og notið.

### Markmið

Markmiðið með Granada-samningnum er að stuðla að varðveislu evrópskrar byggingarlistar og að styrkja samstarf Evrópuþjóða um þetta verkefni.

### Byggingararfleifð

Byggingararfleifðin er m.a. byggingar og minnisvarðar sem fela í sér sögulegt, fornminjafraðilegt eða listrænt gildi. Hún getur enn fremur verið fólgin í svæðum, sem eru að hluta byggð og sköpuð af samspili manns og náttúru, eða í svæðum sem eru hluti þeirrar sögulegu heildar sem byggingarnar og minnisvarðarnir eru hluti af.

### Kröfur sem gerðar eru til aðildarríkjanna

Granada-samningurinn skuldbindur aðildarríkin til að setja markmið um varðveislu bygginga og minnisvarða

sem hafa byggingarlistarfræðilegt gildi. Markmiðin skulu höfð til hliðsjónar við skipulagningu þéttbýlis og dreifbýlis og vera grundvöllur friðunar og endurgerðar hluta sem hafa byggingarlistarfræðilegt gildi.

Ríkin eru enn fremur skuldbundin til þess að upplýsa þegna sína um gildi þeirra sögulegu eða listrænu mannvirkja og minnisvarða í því skyni að auka áhugann á því að varðveita þessa hluti. Auk þess skulu aðildarríkin efla samstarf sín á milli við varðveislu þessara byggingarlistarfræðilegu verðmæta.

### Friðlýsing

Friðlýsing er mikilvæg aðferð til þess að ná megi markmiðum samningsins. Friðlýsing getur hvort sem er gerst með vilja eigandans eða – setji hann sig upp á móti henni – með eignarnámi. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu einnig eiga þess kost að leggja þá skyldu á herðar eigendum að viðhalda friðlýstri eign og að geta veitt styrki til að hrinda verkefnum tengdum varðveislu í framkvæmd.

### Menntun fagfólks

Aðildarríkin skulu samkvæmt samningnum sjá til þess að arkitektar, skipuleggjendur borga og bæja, handverksmenn og annað fagfólk afli sér menntunar og geti staðið að skipulagningu og varðveislu og endurgerð þeirra mannvirkja sem hafa byggingarlistarfræðilegt gildi.

### Framkvæmd samningsins

Evrópuráðið hefur sett á laggirnar nefnd, stýrinefnd um byggingararfleifð (CDPAT), sem ber ábyrgð á framkvæmd Granada-samningsins. Nefndin skal einnig leggja fram tillögur um hvernig megi bæta beitingu ákvæða samningsins og um breytingar á efni samningsins.

### Aðildarríki

Öll Norðurlönd, að Íslandi undanskildu, eru aðilar að samningnum. Aðild Danmerkur tekur hvorki til Færeyja né Grænlands.



*Granada-samningurinn er um vernd evrópskrar byggingararfleifðar, nýrrar og gamallar. Norsku stafkirkjurnar, t.d. stafkirkjan í Vågåmo, eru dæmi um gamla byggingarlist (ljósm.: Jan Djenner/Scanpix).*



*Ærøskøbing er gamall, danskur kaupstaður. Þar finnast um 40 gamlar byggingar frá 18. öld. Þær hafa nú verið friðlýstar (ljósm.: Stig Bachmann Nielsen/Naturplan).*

[www.conventions.coe.int](http://www.conventions.coe.int)  
CETS No.: 121

# Möltusamningurinn

## Samningur Evrópuráðsins um vernd fornleifaarfsins



Möltusamningurinn var samþykktur í Valletta, höfuðstað Möltu, árið 1992. Samningurinn var gerður vegna þess að talið var nauðsynlegt að tryggja vernd fornminja sem hluta menningararfsins á markvissari hátt en gert hafði verið áður. Menningararfurinn tekur m.a. til mannvirkja, bygginga, landslagsheilda og hluta sem eru minjar fyrri tíma, segja sögu mannkyns og eru minni fyrri alda.

### Markmið

Markmiðið með samningnum er að hlúa að fornleifaarfinum því að þessi hluti menningararfsins er uppspretta og minni samevrópskrar sögu og tæki til vísindalegra og sagnfræðilegra rannsókna. Allar minjar fyrri tíma teljast hluti fornleifaarfsins ef:

1. varðveisla og rannsókn á þeim stuðlar að því að varpa ljósi á sögu mannkyns og tengslum þess við menningarumhverfið,
2. fundur þeirra og uppgröftur eða aðrar rannsóknaraðferðir varpa skýru ljósi á vitneskju um menn fyrri tíma og umhverfi þeirra og
3. þær eru á yfirráðasvæði aðildarlandanna.

Til að ná markmiðunum, sem eru sett með samningnum, skulu aðildarríkin skrá fundarstaði fornleifa og fornminjar, tryggja að unnt sé að friðlýsa eða kaupa svæði sem hafa mikla þýðingu vegna fornleifa og festa í lög þá skyldu að tilkynna skuli opinberum yfirvöldum um fund fornleifa. Ríkin skulu taka tillit til fornleifafræðilegra verðmæta í tengslum við skipulag og framkvæmdir við byggingar og önnur mannvirki. Ríkin eru einnig skuldbundin til þess að stöðva ólöglegan uppgröft og til að starfa með öðrum ríkjum, meðal annars til að koma í veg fyrir ólöglegan útflutning fornminja. Yfirvöldin skulu jafnframt eiga þess kost að veita fjárhagslegan stuðning til að varðveita verðmætar fornminjar.

### Aðgengi að fornminjum og efling almenningsvitundar

Í samningnum er kveðið á um að íbúar aðildarríkjanna skuli hafa aðgang að fjölbreyttum fundarstöðum fornleifa. Samkvæmt samningnum eru ríkin einnig skuldbundin til að upplýsa þegna sína um mikilvægi fornminjanna fyrir samfélagið. Einnig má nota fræðslu

til þess að efla vitund almennings um starfsemi sem getur eyðilagt fornminjar og ummerki fyrri tíðar.

### Framfylgd samningsins

Evrópuráðið hefur sett á laggirnar nefnd sérfræðinga – stýrinesnd um menningararf (CDPAT) – sem ber ábyrgð á að Möltusamningnum verði framfylgt. Nefndin skal einnig leggja fram tillögur sem miða að betri framkvæmd samningsins og um breytingar á efni samningsins.

### Aðildarríki

Alls hafa 39 ríki fullgilt samninginn, meðal annars Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð. Aðild Danmerkur tekur hvorki til Færeyja né Grænlands.



Hellaristurnar í Alta í Noregi eru meðal þeirra fornminja sem Möltusamningurinn tekur til (ljósm.: Sven Halling/Scanpix).



Byggð Inúíta á Akia-eyju felur í sér hluta af sögu grænlenksu þjóðarinnar (ljósm.: Anders Tvevad/Scanpix).




Í samningnum er kveðið á um að almenn-  
ingur eigi aðgang að fjölbreyttu úrvali  
fornminja, meðal annars að fornum haug-  
um (ljósm.: Stig Bachmann/Naturplan).



Möltusamningurinn tryggir að tillit er tekið  
til fornminja við smíði bygginga og aðra  
mannvirkjagerð (ljósm.: Jens Nørgaard  
Larsen/Scanpix).

# Árósasamningurinn

Samningur um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings við töku ákvarðana og aðgangi að afgreiðslu á kærum og dómsúrskurðum í umhverfismálum.



Árið 1998 komu umhverfisráðherrar yfir 50 landa saman til fundar í Árósum í Danmörku. Þar samþykktu þeir Árósasamninginn sem er ætlað að veita almennings og stofnunum víðtækari áhrif á ákvarðanir sem eru teknar á sviði náttúru og umhverfis.

## Markmið

Samningnum er ætlað að styrkja þrjár lýðræðislegar meginreglur:

- Rétt til upplýsinga.
- Rétt almennings til að taka þátt í ákvarðanatöku.
- Rétt til að bera fram kærur og fá úrskurð dómstóla eða nefndar.

Samningurinn gildir eingöngu um ákvarðanir sem hafa þýðingu fyrir náttúru og umhverfi.

## Réttur til upplýsinga

Fyrsta meginreglan á að tryggja rétt almennings til upplýsinga í málum sem varða umhverfi og lífsskilyrði fólks. Réttur til upplýsinga er mikilvæg forsenda þess að almenningur geti tekið þátt í að móta þær ákvarðanir sem yfirvöld taka – og samkvæmt ákvæðum samningsins eiga allir þennan rétt óháð þjóðerni, ríkisfangi og lögheimili.

## Réttur til að taka þátt í ákvarðanatöku

Það eitt að almenningur hafi aðgang að upplýsingum nægir ekki. Fólk á einnig að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem eru teknar. Aðildarlöndin skuldbinda sig því til að hafa almenning með í ráðum þegar taka skal ákvarðanir á sviði umhverfismála – til dæmis með því að halda opna umræðufundi og borgarafundi. Almenningsmenn geta annars geta haft áhrif á ákvarðanir um ný fyrirtæki sem geta haft mengun í för með sér og um aðra starfsemi sem hefur áhrif á umhverfið.

## Réttur til að bera fram kærur

Samningurinn skal tryggja að þeir borgarar, þau fyrirtæki og þær stofnanir, sem verða fyrir áhrifum, hafi rétt til að bera fram kærur vegna ákvarðana um aðgang að gögnum og um starfsemi sem getur haft umhverfisáhrif. Í samningnum eru enn fremur víðtæk ákvæði um að almenningur skuli geta höfðað mál eða borið fram kærur vegna ákvarðana sem falla undir löggjöf í tengslum við náttúru, umhverfi og skipulagsmál.

Hvert land um sig ákveður sjálft hverjir hafi í hverju tilvikum nægilegra hagsmuna að gæta til að bera fram kærur.

Nú hafa 40 lönd fullgilt samninginn, meðal annarra Norðurlöndin, að undanskildum Ísland, Færeyjum og Grænlandi.



*Árósasamningurinn tryggir almenningi rétt til að fá upplýsingar, taka þátt í ákvarðanatöku og leggja fram kærur vegna framkvæmda sem geta haft óæskileg áhrif á umhverfið (ljósm.: Jens Muff Hansen/Naturplan).*



*Rétturinn til að bera fram kærur snýr meðal annars að mannvirkjagerð, t.d. við gerð mannvirkja á borð við Kárahnjúkavirkjun (ljósm.: Magnea I. Kristinsdóttir).*

[www.unece.org/env/pp](http://www.unece.org/env/pp)

# Alþjóðaskrifstofur

## **Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni:**

(The Convention on Biological Diversity)  
Secretariat of the Convention on Biological Diversity  
413 St-Jacques Street, 8th floor, Office 800  
Montreal, Quebec, Canada, H2Y 1N9  
Sími: +1-514-288-2220  
Bréfasími: +1-514-288-6588  
Netfang: secretariat@biodiv.org  
Veffang: www.biodiv.org

## **CITES-samningurinn:**

(The Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora)  
UNEP/Regional Office for Europe - International Environment House  
15, chemin des Anémones CH-1219 - Châtelaine, Geneva Switzerland  
Sími: +41-22-917 82 79  
Bréfasími: +41-22-917 80 24  
Netfang: roe@unep.ch  
Veffang: www.cites.org

## **Ramsar-samningurinn:**

(The Convention on Wetlands of International Importance especially as Waterfowl Habitat)  
Ramsar Convention Secretariat,  
Rue Mauverney 28,  
CH-1196 Gland,  
Switzerland  
Sími: +41 22 999 0170, +41 22 999 0169,  
Netfang: ramsar@ramsar.org  
Veffang: www.ramsar.org

## **Bernarsamningurinn:**

(The Convention on the Conservation of European Wildlife and Natural Habitats)  
Council of Europe  
Avenue de l'Europe  
67075 Strasbourg Cedex  
Sími: +33 (0)3 88 41 20 00  
Veffang: www.conventions.coe.int

## **Bonn-samningurinn:**

(The Convention on Migratory Species of Wild Animals)  
UNEP / CMS Secretariat  
United Nations Premises  
Martin-Luther-King-Str. 8  
D-53175 Bonn  
Germany  
Sími: (+49 228) 815 2401 / 02  
Bréfasími: (+49 228) 815 2449  
Netfang: secretariat@cms.int  
Veffang: www.cms.int

## **Hvalveiðisamningurinn:**

(The International Convention for the Regulation of Whaling)  
The International Whaling Commission  
The Red House,  
135 Station Road,  
Impington,  
Cambridge,  
Cambridgeshire CB4 9NP, UK.  
Sími: +44 (0) 1223 233 971  
Bréfasími: +44 (0) 1223 232 876  
Netfang: secretariat@iwcoffice.org  
Veffang: www.iwcoffice.org

## **Helsingfors-samningurinn:**

(The Convention on the Protection of the Marine Environment of the Baltic Sea Area)  
Helsinki Commission  
(The Baltic Marine Environment Protection Commission)  
Katajanokanlaituri 6 B  
FI-00160 Helsinki  
Finland  
Sími: +358 9 6220 220  
Bréfasími: +358 9 6220 2239  
Veffang: www.helcom.fi

## **OSPAR-samningurinn:**

(The Convention for the Protection of the Marine Environment of the North-East Atlantic)  
OSPAR Secretariat  
New Court  
48 Carey Street  
London WC2A 2JQ / UK  
Sími: +44 (0) 20 7430 5200  
Bréfasími: +44 (0) 20 7430 5225  
Netfang: secretariat@ospar.org  
Veffang: www.ospar.org

## **Samningurinn um heimsminjar:**

(The Convention Concerning the Protection of the World Cultural and Natural Heritage)  
The World Heritage Centre UNESCO  
7, place de Fontenoy  
75352 Paris 07 SP, France  
Sími : 33-1-45 68 15 71  
Bréfasími : 33-1-45 68 55 70  
Netfang: wh-info@unesco.org  
Veffang: whc.unesco.org

## **Nordic World Heritage Foundation**

Fridtjof Nansens Plass 4  
0160 Oslo  
Norway  
Netfang: nwhf@nwhf.no  
Veffang: www.nwhf.no

## **Evrópski landslagssamningurinn:**

(The European Landscape Convention)

## **Granada-samningurinn:**

(The Convention for the Protection of the Architectural Heritage of Europe)

## **Möltusamningurinn:**

(The European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage)  
Council of Europe  
Avenue de l'Europe  
67075 Strasbourg Cedex  
Sími: +33 (0)3 88 41 20 00  
Veffang: www.conventions.coe.int

## **Árósasamningurinn:**

(The Convention on Access to Information, Public Participation in Decision-making and Access to Justice in Environmental Matters)  
Aarhus Convention Secretariat  
United Nations Economic Commission for Europe  
Environment and Land Management Division  
Palais des Nations  
1211 Geneva 10  
Switzerland  
Sími: + 41 22 917 4226 / 917 1502  
Bréfasími: + 41 22 907 0107  
Netfang: public.participation@unece.org  
Veffang: www.unece.org/env/pp

## Danmörk

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
CITES-samningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Bernarsamningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Bonn-samningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Hvalveiðisamningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Helsingfors-samningurinn	<a href="http://www.mst.dk">www.mst.dk</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.mst.dk">www.mst.dk</a>
Samningurinn um heimsmínjar	<a href="http://www.unesco.dk">www.unesco.dk</a>
Evrópski landslagssamningurinn	<a href="http://www.skovognatur.dk">www.skovognatur.dk</a>
Granada-samningurinn	<a href="http://www.kuas.dk">www.kuas.dk</a>
Möltusamningurinn	<a href="http://www.kuas.dk">www.kuas.dk</a>
Árósasamningurinn	<a href="http://www.mst.dk">www.mst.dk</a>

## Færeyjar

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Bonn-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Hvalveiðisamningurinn	<a href="http://www.fisk.fo">www.fisk.fo</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>

## Finnland

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.ymparisto.fi">www.ymparisto.fi</a>
CITES-samningurinn	<a href="http://www.ymparisto.fi">www.ymparisto.fi</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.ymparisto.fi">www.ymparisto.fi</a>
Samningurinn um heimsmínjar	<a href="http://www.nba.fi/en/whf">www.nba.fi/en/whf</a>
Evrópski landslagssamningurinn	<a href="http://www.ymparisto.fi">www.ymparisto.fi</a>
Árósasamningurinn	<a href="http://www.ymparisto.fi">www.ymparisto.fi</a>

## Ísland

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.umhverfisraduneyti.is">www.umhverfisraduneyti.is</a>
CITES-samningurinn	<a href="http://www.ust.is">www.ust.is</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.ust.is">www.ust.is</a>
Bernarsamningurinn	<a href="http://www.ni.is">www.ni.is</a>
Hvalveiðisamningurinn	<a href="http://www.sjararutvegsraduneyti.is">www.sjararutvegsraduneyti.is</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.umhverfisraduneyti.is">www.umhverfisraduneyti.is</a>
Samningurinn um heimsmínjar	<a href="http://www.menntamalaraduneyti.is">www.menntamalaraduneyti.is</a>
Árósasamningurinn	<a href="http://www.umhverfisraduneyti.is">www.umhverfisraduneyti.is</a>

## Noregur

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
CITES-samningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Bernarsamningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Bonn-samningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Hvalveiðisamningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Samningurinn um heimsmínjar	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Evrópski landslagssamningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Granada-samningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Möltusamningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>
Árósasamningurinn	<a href="http://www.miljo.no">www.miljo.no</a>

## Færeyjar

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Bonn-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>
Hvalveiðisamningurinn	<a href="http://www.fisk.fo">www.fisk.fo</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.imr.fo">www.imr.fo</a>

## Svíþjóð

Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni	<a href="http://www.regeringen.se">www.regeringen.se</a>
CITES-samningurinn	<a href="http://www.sjv.se">www.sjv.se</a>
Ramsar-samningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>
Bernar samningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>
Bonn-samningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>
Helsingfors-samningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>
OSPAR-samningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>
Samningurinn um heimsmínjar	<a href="http://www.unesco-sweden.org">www.unesco-sweden.org</a>
Evrópski landslagssamningurinn	<a href="http://www.raa.se">www.raa.se</a>
Granada-samningurinn	<a href="http://www.raa.se">www.raa.se</a>
Möltu-samningurinn	<a href="http://www.raa.se">www.raa.se</a>
Árósasamningurinn	<a href="http://www.naturvardsverket.se">www.naturvardsverket.se</a>







## Bjartari framtíð

### 13 alþjóðasamningar um náttúru og menningarumhverfi

Norðurlöndin hafa lengi verið þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi sem miðar að því að vernda náttúru- og menningararfleifð heimsins. Í þessu samstarfi eru samningar mikilvæg tæki.

Í þessum bæklingi eru kynntir 13 mikilvægustu samningarnir, en þeir snerta Norðurlöndin mismikið og sum þeirra hafa komið að því að semja þá og koma þeim á fót. Samningarnir eru:

- Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni
- CITES-samningurinn
- Ramsar-samningurinn
- Bernarsamningurinn
- Bonn-samningurinn
- Hvalveiðisamningurinn
- Helsingfors-samningurinn
- OSPAR-samningurinn
- Samningurinn um heimsmínjar
- Evrópski landslagssamningurinn
- Granada-samningurinn
- Möltusamningurinn
- Árósasamningurinn

Sögulegur bakgrunnur samninganna er rakinn stuttlega. Þá eru mikilvægustu ákvæði hvers samnings nefnd og mikilvægi þeirra fyrir Norðurlöndin skýrð.

Í bæklingnum er einnig að finna yfirlit yfir það hver Norðurlandanna hafa gerst aðilar að einstökum samningum og hvar finna megi frekari upplýsingar.

Markhópurinn er stjórnámálamenn, embættismenn, stjórnendur, kennarar, stofnanir, sem hagsmuna eiga að gæta, og aðrir sem hafa áhuga á náttúru- og menningararfleifð.